

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982 um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Peim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 52 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 520 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 520 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965 með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1985, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1984.

Fjármálaráðuneytið, 18. mars 1985.

Albert Guðmundsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 116/1974, um úthlutun örorkustyrkja, með breytingu nr. 453/1982.

1. gr.

Við 3. gr. reglna nr. 116/1974, sbr. breyting nr. 453/1982 bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:

Styrkir samkvæmt þessari grein greiðast ekki vegna þeirra barna, sem njóta aðstoðar skv. reglugerð nr. 457/1984, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.